

Föstudaginn 17. janúar 1992.

Nr. 521/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Steingrími Njálssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Gæsla. Öryggisráðstafanir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með yfirlýsingu í sakadómi Reykjavíkur 20. desember sl. og vísaði til 3. mgr. 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við munnlegan flutning málsins 15. janúar gerði ríkissaksóknari þær dómkröfur, að ákærði yrði „dæmdur samkvæmt ákæru til að sæta viðeigandi gæslu og öryggisráðstöfunum samkvæmt 67. gr., sbr. 65. gr. og 66. gr. almennra hegningarlaga“. Þá er krafist greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og verjanda greidd málsvarnarlaun.

I.

Fyrir sakadómi lá sú krafa ríkissaksóknara, að ákærði yrði dæmdur til að sæta gæslu og öryggisráðstöfunum samkvæmt 65. og 66. gr., sbr. 67. gr. almennra hegningarlaga. Í 3. mgr. 66. gr. segir: „Dómsúrlausnum samkvæmt grein þessari má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.“ Samsvarandi ákvæði er hvorki að finna í 65. gr. né 67. gr. Eins og fyrr segir, var lýst áfrýjun af hálfu ríkissaksóknara á dómþingi, þegar dómur var kveðinn upp, og vísað til sérákvæðisins í 66. gr. Meðferð málsins hefur um flest verið eins og um væri að ræða áfrýjunarmál, m.a. hefur farið fram munnlegur flutningur. Hefur í engu verið gengið á rétt ákærða við rekstur málsins, og ber að leggja á það efnisdóm.

Eins og af framanskráðu má ráða, er ekki að öllu leyti vísað með

sama hætti á hinum tveimur dómstigum í þær þrjár greinar almennra hegningarlaga, sem ríkissaksóknari byggir málatilbúnað sinn á. Skiptir þetta þó engu um framgang málsins, sem dæmt verður á grundvelli afstöðu til lagagreinanna allra.

II.

Fallast ber á það, sem í héraðsdómi segir og varðar 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga. Er þess sérstaklega að geta varðandi 66. gr., að í atvikalýsingu í ákæru er ekki að heitingum eða hótunum vikið.

Að því er varðar kröfu ákæruvaldsins á grundvelli 67. gr. almennra hegningarlaga, er þess að geta, að í greininni er mælt fyrir um öryggisráðstafanir vegna brotamanna, sem hættulegir eru umhverfi sínu. Í greininni er ekki að finna heimild til að mæla fyrir um aðgerðir til að ráða bót á áfengissýki eða koma fram lyfjameðferð í því skyni að vinna gegn kynferðislegum misþroska. Í ákæru kemur fram, að öryggisráðstafanir þær, sem krafist er, eigi einkum að vera í því skyni. Fram er komið, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur einungis komið ákærða í gæslu í fangelsi og að aðrir aðilar geta ekki boðið aðra kosti. Dómstólar eiga úrskurð um það, hvort sú gæsla, sem tók eru á að beita, uppfylli lagaskilyrði. Telja verður, að svo sé ekki nú, að því er ákærða varðar, þar sem aðbúð hans yrði óviðunandi eftir aðstæðum. Er þetta sjálfstæð ástæða þess, að staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Í héraðsdómi er ferill ákærða rakinn, og ber einnig að líta svo á, að sú frelsis-skerðing, sem krafist er, réttlætist ekki af þeim upplýsingum um hann, sem fyrir liggja.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm og dæma ríkissjóð til að greiða áfrýjunarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til verjanda ákærða, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinsonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1991.

Ár 1991, föstudaginn 20. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurum Arngrími Ísberg dómsformanni, Guðjóni St. Marteinsyni og Helga I. Jónssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 719/1991: Ákærvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms 6. desember sl.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 22. febrúar sl., á hendur Steingrími Njálssyni, þá refsifanga í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík, kennitala 21.04.42-3679, samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, „í því skyni, að honum verði gert að refsingu lokinni að sæta gæslu samkvæmt 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga, þar sem telja verður hann hættulegan vanaafbrotamann, sem margsinnis hefur hlotið fangelsisdóma, m.a. fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum drengjum, oft framin undir áhrifum áfengis, síðast 12 mánaða fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 16. nóvember 1990, og hefur ekki látið skipast við endurtekna refsisdóma, fullnustu þeirra og læknismeðferð, og að veruleg hætta sé á því, að hann muni hefja áfengisneyslu og halda áfram brotum, ef hann gengur laus, miðað við undanfarandi breytni hans og umsagnir fangelsislækna og fangelsisprests um andlegt ástand hans nú.

Þess er krafist, að ákærði verði látinn sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 65. og 66. gr., sbr. 67. gr. almennra hegningarlaga, sem miði að því að stemma stigu við frekari brotum hans og að ráða bót á áfengissýki hans og koma fram lyfjameðferð í því skyni að vinna gegn kynferðislegum misþroska hans.

Þess er enn fremur krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði hefur mótmælt kröfugerð ákærvaldsins. Hann heldur uppi vörn-um í málinu, og hefur verjandi hans krafist sýknu og að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun sér til handa, verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir.

Með ákæruskjali, út gefnu 2. apríl 1990, höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur ákærða fyrir sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966. Þess var krafist, að ákærði yrði dæmdur til refsingar, „og enn fremur með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði verði dæmdur til að sæta að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga vegna undanfarandi breytni hans og hættu á, að hann muni halda áfram brotum af því tagi, sem hér um ræðir“. Með dómi 11. júní þ.á. var ákærði sakfelldur samkvæmt ákærinni og dæmdur í 18 mánaða fangelsi og til að sæta að refsivist lokinni sérstakri gæslu samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum.

Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Með dómi réttarins frá 16. nóvember s.á. var ákærði sakfelldur fyrir sömu brot og í sakadómi, en refsing hans ákveðin 12 mánaða fangelsi. Kröfu ákæruvaldsins um sérstaka gæslu að lokinni aflánun refsingar var hins vegar vísað frá dómi með þeim rökstuðningi, að ekki hefði „af ákæruvalds hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig umræddri gæslu yrði háttað og hvort kostur sé á gæslu annars staðar en í fangelsi“.

Hinn 24. desember 1990 veitti Fangelsismálastofnun ákærða reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 46 dögum, frá og með 27. desember s.á. Samkvæmt gögnum málsins var hann þann dag fluttur að Hólsseli á Fjöllum, en þar mun honum hafa verið búinn dvalarstaður samkvæmt samningi dómismálaráðuneytisins við ábúendur.

Hinn 9. janúar sl. var framangreind reynslulausn afturkölluð, enda hafði ákærði þá yfirgefið dvalarstað sinn og ekki upplýst um annan dvalarstað eða vinnu eða önnur kjör, er nægja myndu honum til lífsuppeldis, eins og segir í bréfi Fangelsismálastofnunar til hans. Sama dag var ákærði handtekinn í Reykjavík og færður í Síðumúlafangelsi. Ákærði aflánaði eftirstöðvar refsingarinnar frá 9. janúar til 23. febrúar, er hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald, eins og síðar verður greint frá.

Ákæran í málinu var gefin út 22. febrúar sl. Jafnframt krafðist ríkissaksóknari þess, að ákærði yrði úrskurðaður til að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn. Til að tryggja, að slík rannsókn gæti farið fram, var þess krafist, að ákærði yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald í framhaldi af refsivistinni allt til uppkvaðningar dóms í málinu, en þó ekki lengur en til 22. apríl sl. Með úrskurði, upp kveðnum 23. febrúar sl., féllst sakadómur á kröfur ríkissaksóknara.

Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi með dómi, upp kveðnum 1. mars sl., þar eð lagaskilyrði væru ekki til að verða við kröfu ríkissaksóknara. Þá var enn fremur ekki talin þörf á að mæla fyrir um nýja geðheilbrigðisrannsókn „á þessu stigi málsins“.

Meðferð málsins fyrir sakadómi hófst 13. mars sl., og fór þá fram munnlegur flutningur um frávisunarkröfu, er verjandi ákærða hafði haft uppi í þinghaldi 23. febrúar sl., Með dómi, upp kveðnum 19. mars sl., var ákær- unni vísað frá sakadómi, þar eð dómurinn taldi, að kröfugerð ákæruvaldsins samkvæmt ákærinni væri hin sama og gerð hefði verið í ákæru, út gefinni 2. apríl 1990, sem endanlega hefði verið dæmd með dómi Hæstaréttar 16. nóvember 1990, eins og rakið hefur verið.

Ríkissaksóknari kærði frávisunardóminn til Hæstaréttar, er felldi hann úr gildi með dómi, upp kveðnum 3. maí sl. Í dómi Hæstaréttar segir: „Í ákæruskjali 22. febrúar sl. er vísað til 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 67. gr. sömu laga. Þar er og vísað til þess, að ákærði

var 16. nóvember 1990 dæmdur til að sæta fangelsi 12 mánuði. Frá refsingunni skyldi draga gæsluvarðhald frá 17. febrúar sama ár." Þá er tekið upp í dóminn meginefni 67. gr. almennra hegningarlaga, en síðan segir orðrétt: „Kröfu um öryggisgæslu var vísað frá dómi í áður nefndu refsímáli, sem dæmt var 16. nóvember 1990. Eru engar réttarfarsreglur því til fyrirstöðu að dæma efnislega um þá kröfu ríkissaksóknara, sem fram kemur í ákæru 22. febrúar sl. og gerð er á grundvelli heimildar í 67. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi.”

— — —

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í tvö ár frá 1. september 1958 fyrir þjófnað. Frá árinu 1963 hefur hann hlotið 26 refsidóma fyrir kynferðisafbrot, þjófnað, líkamsárásir, fjársvik, skjalafals og ölvun og réttindaleysi við akstur. Síðast var hann dæmdur af Hæstarétti 16. nóvember 1990, eins og grein hefur verið gerð fyrir. Er samanlögð refsivist hans samkvæmt þessum dómum orðin 11 ár og 3 ½ mánuður. Þar að auki hefur hann verið sektaður 16 sinnum fyrir áfengis- og umferðarlagabrot, síðast 30. október sl. fyrir ölvunar-akstur.

Verður nú gerð grein fyrir dómum, þar sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. nóvember 1963 var ákærði m.a. sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið, að leysa þar niður um hann og slá drenginn í andlitið, þegar hann veitti mótspyrnu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka annan 11 ára dreng upp í bifreið til sín, leysa niður um hann og hafa kynferðismök við hann nauðugan.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember 1964 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 10 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Þá var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka 12 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Enn var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka tvo drengi, 11 og 13 ára, inn á Hafnarsalernið í Keflavík á árunum 1961 - 1963 og hafa við þá kynferðismök.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 2. október 1978 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 9 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann nauðugan samræðismök.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 12 ára dreng inn í hótélherbergi til sín og hafa þar við hann kynferðismök nauðugan.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986 var ákærði sakfelldur fyrir að þukla á 10 ára dreng á lostugan hátt og kyssa hann á andlitið á veitingastofu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að veitast að 13 ára dreng í búningasklefa Sundhallarinnar í Reykjavík og fara höndum um líkama hans og kyssa hann.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 24. febrúar 1988, var ákærði sakfelldur fyrir að hafa veist að 15 ára dreng, losað um fót hans og farið höndum um kynfæri hans utan klæða.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að hafa veist fáklæddur að 13 ára blaðburðardreng, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

Með áðurgreindum dómi Hæstaréttar var ákærða gert að sæta 9 mánaða fangelsisvist og að henni lokinni viðeigandi hælisvist í 15 mánuði.

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 16. nóvember 1990, var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 7 ára dreng inn í herbergi sitt og hafa þar í frammi við hann lostugt athæfi með því að klæða hann úr buxum og draga niður nærbuxur hans.

Niðurstaða.

Kröfur ákæruvaldsins í málinu eru þær, að ákærði verði „að refsingu lokinni” látinn sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 65. og 66. gr., sbr. 67. gr. almennra hegningarlaga, sem miði að því að stemma stigu við frekari brotum hans og ráða bót á áfengissýki hans og koma fram lyfja-meðferð í því skyni að vinna gegn kynferðislegum misþroska hans.

Í máli þessu er ákærða ekki gefinn að sök neinn sérstakur refsiverður verknaður. Verður ákærði þess vegna eigi beittur þeim úrræðum, sem í 65. gr. almennra hegningarlaga greinir, sem eingöngu eru heimil, hafi maður framið brot undir áfengisáhrifum og verið ákærður og sakfelldur fyrir það brot. Fær þessi skilningur bæði stoð í orðalagi lagaákvæðisins og athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins, er síðar varð að lögum nr. 31, 1961, er breyttu 65. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt framansögðu verður ákvæðum nefndrar greinar því ekki beitt gagnvart ákærða í máli þessu.

66. gr. almennra hegningarlaga heimilar ákæruvaldinu, ef maður heitist við annan mann eða hótar honum bana, brennu eða öðrum óförum og refsingu verður annaðhvort ekki við komið eða hún þykir ekki veita næga tryggingu, að hlutast til um, annaðhvort eftir kröfu þess, sem hlut á að máli, eða án kröfu hans, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að dóms-

úrskurður gangi um það, hvort gera skuli ráðstafanir til varnar því, að hót-unin sé framkvæmd, þar á meðal, hvort setja skuli heitingamann í gæslu.

Ákærði er í máli þessu ekki ákærður fyrir heitingar eða hótanir í garð neins tiltekins manns. Eiga ákvæði 66. gr. því eigi við, eins og hér stendur á, og verður því eigi beitt einum sér.

Í 67. gr. almennra hegningarlaga segir m.a.: „Sé maður dæmdur í þyngri refsingu en varðhald og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans er varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegur umhverfi sínu, má ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákæruvaldsins, að beitt skuli öryggisráðstöfunum samkvæmt 66. gr. að refsingu lokinni...“ Svo sem rakið var, á ákærði að baki langan afbrotaferil. Högni Óskarsson geðlæknir rannsakaði geðheilsu ákærða vegna máls samkvæmt ákæru, dagsettri 2. apríl 1990, svo sem að framan greinir. Enn fremur átti hann viðtal við ákærða í fangelsi 22. febrúar sl. og gaf álit á geðhögum ákærða, dagsett 25. febrúar sl., sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Þar segir m.a., eftir að Högni hefur lýst sjúkdómsgreiningu ákærða, sem var óbreytt frá geðrannsókninni: „Og rétt er að taka fram, að þótt svo fátt bendi til þess nú, að Steingrímur sé líklegur til að brjóta af sér á næstunni, þá er ekki hægt að segja með neinni vissu út frá geðlæknisfræðilegum forsendum, að hann muni ekki brjóta af sér.“

Ákærði hefur nú verið frjáls maður í tæpa 10 mánuði, allt frá því að Hæstiréttur felldi úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð sakadóms Reykjavíkur með dómi sínum 1. mars sl., og á því tímabili einu sinni gerst brotlegur við umferðarlög.

Þrátt fyrir langan afbrotaferil ákærða telur dómurinn, að ekki sé unnt að segja til um það með neinni vissu, hversu líklegt sé, að hann muni brjóta af sér framvegis. Við mat á því er ekki við annað að styðjast en sakaferil ákærða og læknisfræðileg gögn málsins, en í þeim kemur m.a. fram, að afbrigðileg kynhegðun, sem ákærði er talinn haldinn og greint hefur verið frá að framan, eldist ekki af fólki. Þetta atferli fari þó minnkandi með aldrinum samfara aukinni kyndeyfð, eins og segir í geðheilbrigðisrannsókn Ásgeirs Karlssonar geðlæknis.

Ljóst þykir af orðalagi 67. gr., að þar er gert ráð fyrir því, að maður, sem sæta á öryggisráðstöfunum, er þar greinir, hafi í máli, sem höfðað hefur verið út af tilteknum glæp, verið dæmdur í því máli til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og megi þá jafnframt ákveða í þeim dómi eða síðar í sérstöku máli, áður en maðurinn er laus úr afplánun, að hann skuli beittur ofangreindum öryggisráðstöfunum að refsingu lokinni, þ.e.a.s. í beinu framhaldi af fangelsisrefsingunni, og er það í samræmi við kröfugerð í ákæru. Þykir einsýnt, að öryggisráðstöfunum þessum eigi eingöngu að

beita gangvart mjög hættulegum mönnum, sem alls ekki eigi að ganga lausir.

Svo sem rakið hefur verið, vísaði Hæstiréttur með dómi sínum 16. nóvember 1990 frá sakadómi kröfu ákærvaldsins um gæslu ákærða eftir afplánun refsingar samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga, með þeim rökum, að ekki hefði af ákærvaldsins hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig umræddri gæslu yrði háttað og hvort kostur hefði verið á gæslu annars staðar en í fangelsi. Krafa ákærvaldsins um gæslu ákærða samkvæmt ákæru í máli þessu er í raun framhald af máli því, er höfðað var á hendur ákærða með ákæru, dagsettri 2. apríl 1990, þ.e. krafa ákærvaldsins í því máli um gæslu ákærða samkvæmt tilvitnuðum hegningarlaga-ákvæðum. Ákærvaldið hefur í máli þessu fært fram gögn, sem dómurinn telur sýna, að gæsla samkvæmt 66. og 67. gr. almennra hegningarlaga sé ekki tiltæk annars staðar en í fangelsi. Þótt dómurinn telji það ekki í verkahring dómstóla að kveða á um það, hvar menn, er dæmdir hafa verið til gæslu samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum, séu vistaðir, þykir hins vegar rétt vegna samhengis þessa máls og þess hluta málsins samkvæmt ákæru frá 2. apríl 1990, sem að framan greinir, og í tilefni af ofangreindum dómi Hæstaréttar og málavöxtum að öðru leyti að taka fram, að dómurinn telur, að öryggisráðstafanir gagnvart ákærða í því skyni, er ákærvaldið hefur krafist í máli þessu og lýst er í ákæru, eigi ekki og geti ekki eðli sínu samkvæmt farið fram í fangelsi.

Með vísan til framanritaðs telur dómurinn ekki vera uppfyllt skilyrði til að dæma ákærða til að sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu og dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, er sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.